Nr. 11.
21. septbr.

# Auglýsing

um

## að ný lyfjaskrá skuli í lög leidd á Íslandi.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðs Íslands hefir Hans hátign konunginum 10. f. m. allramildilegast þóknazt að fallast á, að lyfjaskrá sú, er gefin var út í Kaupmannahöfn 1907 og samþykkt var af konungi 3. marz s. á., og heitir „Pharmacopea Danica, udgiven med allerhøjeste Bemyndigelse“, skuli frá 1. október þ. á. að telja í lög leidd á Íslandi, þó þannig, að lyfsölum utan Reykjavíkur veitist undanþága frá því að hafa ís (glacies) í lyfjabúðunum.

Með framangreindri ívilnun skulu allar lyfjabúðir á Íslandi frá 1. næstkomandi októbermánaðar að telja vera skyldar að hafa birgðir af öllum þeim læknislyfjum, er tilgreind eru í tjeðri lyfjaskrá.

Þetta er hjer með kunnugt gjört til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 21. september 1908.**

***H. Hafstein.***

*Jón Magnússon.*

# Bekendtgørelse

om

## Indførelse af en ny Farmakopé i Island.

**Nr. 11.**
21.
Septbr.

Paa Islands Ministeriums derom nedlagte allerunderdanigste Forestilling har det behaget Hans Majestæt Kongen under 10. f. M. allernaadigst at bifalde, at den under Titel af „Pharmacopea Danica, udgiven med allerhøjeste Bemyndigelse“ i Aaret 1907 i København udgivne og under 3. Marts s. A. af Hans Majestæt approberede Farmacopé fra 1. Oktober d. A. at regne indføres i Island, dog saaledes, at Apotekerne udenfor Reykjavik fritages for at være forsynede med Is (glacies) paa deres Apoteker.

Fra den nævnte Tid af skal — med den fornævnte Lempelse — ethvert Apotek i Island være forsynet med alle i den nævnte Farmakopé anførte Lægemidler.

Hvilket herved bekendtgøres til Efterretning for alle vedkommende.

**Islands Ministerium, den 21de September 1908.**

***H. Hafstein.***

*Jón Magnússon.*

Nr. 11. Bekendtgørelse af 21. September om Indførelse af en ny Farmakopé i Island.

**(Optrykt Side)**